

Skagafjarðarveitur ehf. Fundur 6 - 03.09. 2002

Þriðjudaginn 3. september, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16:30 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf. Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita út að austan (Greinargerð fylgir)
2. Fyrirhugaður fundur með iðnaðarnefnd Alþingis
3. Bréf frá Lúðvík Friðbergssyni
4. Málefni Máka hf.
5. Nýir ráðningarsamningar við starfsmenn
6. Gjaldskrármál
7. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Rætt um mögulega hitaveitu út að austan og farið yfir greinargerð frá verkfræðistofunni Stoð ehf., frá 30. ágúst 2002. Samþykkt að veitustjóri láti útfæra kostnaðarhugmyndir á myndrænt form.
2. Rætt um fyrirhugaðan fund með iðnaðarnefnd Alþingis 10. september nk. Samþykkt að veitustjóri útbúi gögn til að leggja fyrir iðnaðarnefndina.
3. Lagt fram bréf frá Lúðvík Friðbergssyni, dagsett 7. ágúst 2002 varðandi væntanlegar framkvæmdir hans á lóð Lindargötu 11 vorið 2003, en þar mun vera á lóðarmörkum fyrsta vatnsból Sauðkrækinga. Samþykkt að fela Árna Ragnarssyni arkitekt að skoða hvað hægt sé að gera til vegsauka fyrir vatnsbólið og einnig gamla vatnstankinn á Hofsósi.
4. Málefni Máka hf. rædd í framhaldi af gjaldþrotabeiðni fyrirtækisins.
5. Veitustjóri kynnti drög að nýjum ráðningarsamningum við starfsmenn Skagafjarðarveitna ehf. Stjórnin samþykkir framlögð drög og felur veitustjóra að ganga frá samningum við starfsmennina.
6. Stjórnin samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu utan heimæðagjalda um 3% frá og með 1. október nk. vegna verðlagshækkana.
7. Önnur mál.
 - a) Veitustjóri kynnti tillögur og tilboð í heimasíðugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf. Samþykkt að veitustjóri vinni áfram að málinu.
 - b) Veitustjóri kynni verkefnið Orkutorg sem er upplýsingaveita á netinu um orkunotkun fyrir orkunotendur. Samþykkt að gerast þátttakendur og tengjast Orkutorginu.
 - c) Árni Egilsson sagði frá aðalfundi Fjölnets hf.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl.
18.45